



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á Sjávarútvegsráðstefnunni  
Reykjavík  
7. nóvember 2019**

Forsætisráðherra,  
forystusveit Sjávarútvegsráðstefnunnar,  
aðrir góðir gestir

Ég þakka fyrir það tækifæri að kynnast hér stöðu íslensks sjávarútvegs, leiðum til sóknar og framtíðarhorfum. Dagskráin er glæsileg, ég færi þeim þakkir sem undirbjuggu þessa ráðstefnu og standa að henni.

Síðasta öld var útvegsöld á Íslandi. Seint á nítjándu öld tóku togarar að sækja á Íslandsmið, laust eftir aldamótin var vél fyrst sett í íslenskan fiskibát. Síldarverksmiðjur risu, síðan frystihús og þar fram eftir götunum. Fiskveiðar, fiskvinnsla og fiskisala lögðu grunn að velmegun liðinna daga. „Lífið er saltfiskur,“ sagði skáldið og dró saman í þeim orðum hagsögu Íslands á þeim tíma.

Framfarir urðu í hönnun skipa og veiðarfæra, kraftblökkinn og asdikkið góð dæmi um nýsköpun og þróun sem gerbylti veiðum. Áfram mætti telja og þið, sem hér eruð, þekkið þessa sögu eflaust betur en ég, mörg af eigin reynslu.

Reynslan, já. Við lærðum líka af biturri reynslu og höldum því vonandi áfram. Auðvitað vakti það ánægju og metnað þegar unnt var að veiða síld í mun meiri mæli en áður, þá loksins að hún sýndi sig á nýjan leik. Kapp er þó best með forsjá. Ekki berum við Íslendingar einir ábyrgð á hruni norsk-íslenska síldarstofnsins fyrir um hálfri öld, en við vorum þar vissulega meðsekir.

Ofveiði stuðlaði að óförum. Í landhelgisdeilum okkar og þorskastríðum áttum við góðan málstað að verja, bentum á ógnir óheftrar sóknar og höfðum sigur að lokum. Á hinn bóginn tók það okkur nokkurn tíma að komast að því að

þótt útlendingar væru horfnir af miðunum gætum við ekki sótt sjóinn sem mest við mættum. Sókninni yrði að stjórna.

Aftur má taka fram í þessum sal að hér er ég ekki flytja ný tíðindi. Víða erlendis er horft til Íslendinga og frumkvæðis okkar í fiskveiðistjórnun. Flestum þykir hólið gott og sjálfsagt að við miðlum úr okkar viskubrunni þegar eftir því er leitað. Á hinn bóginn vitum við vel að hér á landi hefur aldrei ríkt full sátt um kvótakerfi í sjávarútvegi, þær leiðir sem notaðar hafa verið til að veita aðgang að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar og þær leiðir sem notaðar hafa verið til að taka gjald fyrir þau tímabundnu réttindi.

Ágætu áheyrendur: Ég nefndi hér að síðasta öld hefði verið útvegsöld á Íslandi. Er þá þar með sagt að hin nýja öld sé það ekki? Eru runnir upp nýir tímar á Íslandi? Vissulega er það svo að sífellt færri vinna við fiskveiðar og fiskvinnslu, rétt um 2-3 prósent vinnandi handa í landinu. Fólk af erlendum uppruna, sem hefur sest hér að eða býr hér um skemmri tíma, heldur uppi vinnslu í landi; án þessara aufúsugesta yrði lítil fiskur unninn hér.

Og vissulega er það svo að sjávarafurðir eru ekki eins veigamiklar í þjóðarbúskapnum og raun bar vitni lengst af síðustu aldar. Stóriðja bættist við og síðan ferðaþjónusta. Þar eru þau mörg þorskígildistonnin, ef svo má segja; að undanförunu hafa víst um 25.-30.000 tonn ferðamanna komið hingað til lands ár hvert.

Þrátt fyrir þessar breytingar skiptir sjávarútvegur ennþá miklu máli í okkar efnahag, og ekki síður í okkar þjóðarímynd, að ekki sé minnst á sögu okkar og menningararf. Við lítum frekar á okkur sem fiskveiðiþjóð en ferðamenskupþjóð. Satt er að við leikum ekki lengur óskalög sjómanna í útvarpinu en við leikum ekki heldur óskalög ferðaþjónustufólks, óskalög leiðsögumanna eða óskalög hótélstarfsmanna. En við veitum þó með réttu viðurkenningar í ferðageiranum, alveg eins og hér verður gert á eftir með Hvatningarverðlaunum Sjávarútvegsráðstefnunnar.

Já, kæru áheyrendur, útvegur á enn sinn stað í íslenskri þjóðarsál. Það er fagnaðarefni. En hitt er ekki síður fagnaðarefni að íslenskur útvegur er líka vettvangur framþróunar og nýsköpunar. Fjórðu iðnbyltingarinnar gætir svo sannarlega í íslenskum sjávarútvegi. Umhverfisvitundar gætir svo sannarlega í íslenskum sjávarútvegi.

Þetta sjáum við hér á þessari ráðstefnu. Þetta sjáum við í Tímariti Fiskifrétta sem barst í póstkassann á Bessastöðum í morgun, og reyndar reglulega í því ágæta riti. Og þetta sjáum við sem njótum þeirrar gæfu að geta ferðast um landið og kynnst fólki í dagsins önn.

Í síðustu viku heimsóttum við hjónin Snæfellsbæ og Grundarfjörð. Þar sáum við glöggt þá nýju tækni og þau vönduðu vinnubrögð sem einkenna

útvegsfyrirtæki í fremstu röð á Íslandi um okkar daga. Ég nota tækifærið og færi þeim þakkir sem tóku svo vel á móti okkur á Snæfellsnesinu. Að sjálfsögðu ber líka að þakka þeim sem hafa sýnt okkur gestrisni á fyrri ferðum um landið. Og úr þeim er sömu sögu að segja, sögu af nýsköpun og vilja til sjálfbærni og farsællar sambúðar við umhverfi og náttúru.

Oft má því fyllast stolti og þetta gildir ekki aðeins þegar horft er yfir sviðið hér innanlands, litið inn í Sjávarklasann hér í Reykjavík, fiskvinnslufyrirtæki við sjávarsíðuna, nýleg fiskiskip í höfn eða fyrirtæki í framleiðslu tæknibúnaðar. Þetta gildir líka úti í heimi. Þar er íslensk tækni, þekking, reynsla og vinnulag víða í hávegum höfð.

Í þessum efnum megum við fyllast stolti, satt er það. En vörumst dramb og vörumst falsmyndir, og vörumst líka tvöfeldni. Íslensk fyrirtæki í útvegsgeira geta borið hróður okkar víða ytra. Við viljum vera stolt af þeim afurðum sem við flytjum á erlenda markaði, þeim búnaði sem við framleiðum fyrir aðra í útvegi, fyrir alla okkar framgöngu á sviði sjávarútvegs á erlendri grundu. Það stolt hvílir á því að fólk sinni sínum verkum af heilindum, gangi þannig fram að sómi sé að.

Ég óska ykkur öllum velfarnaðar, landi og þjóð til heilla.